

ÁKVÖRÐUN nr. 158**frá 27. nóvember 1995****um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 201 - E 215)(*)**

(Texti sem varðar EES)

(96/732/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa vottorð, staðfestar yfirlýsingar, tilkynningar, umsóknir og önnur skjöl sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 130 frá 17. október 1985 um gerð og breytingar á eyðublöðum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þessi eyðublöð þarf að aðlaga með tilliti til reglugerðar (EBE) nr. 1248/92 um breytingu á ákvæðum um veitingu og útreikning lífeyris.

VI. viðauki við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992, eins og honum var breytt með bókun frá 17. mars 1993, er til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar eru eyðublöð, sem nauðsynleg eru vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og 574/72, aðlöguð og þau tekin í notkun á Evrópska efnahags-svæðinu.

Til hagræðingar eru notuð eins eyðublöð í bandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Aðlaga skal eyðublöðin svo að unnt verði að nota þau eftir stækkun bandalagsins vegna aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar.

Aðlaga skal eyðublöðin þannig að tekið sé tillit til breytinga sem gerðar hafa verið á innlendra löggjöf aðildarríkjanna.

Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 var ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skyldu útbúin.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 336, 27. 12. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/98 frá 31. mars 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

1. Eyðublöðin hér á eftir skulu koma í stað eyðublaða E 201-E 215 sem eru prentuð í ákvörðun nr. 130 frá 17. október 1985, með eftirtöldum breytingum:
 - a) breytt er eyðublöðum E 201, E 202, E 203, E 204, E 205 (Belgía, Danmörk, Þýskaland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal og Breska konungsríkið), E 206, E 207, E 210, E 211, E 212, E 213 og E 215;
 - b) eyðublöð E 208, E 209 og E 214 eru felld úr gildi;
 - c) tekin eru upp ný eyðublöð E 205 (Austurríki, Finnland, Svíþjóð, Ísland, Liechtenstein og Noregur).
2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmætum umsækjendum, stofnunum, vinnuveitendum o.s.frv.) í té eyðublöð í samræmi við meðfylgjandi fyrirmyndir að þeim.
3. Hvert eyðublað skal vera fáanlegt á opinberum tungumálum bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur séu algjörlega samsvarandi, þannig að hver sá aðili sem á að fá eyðublað (lögmætur umsækjandi, stofnun, vinnuveitandi o.s.frv.) geti fengið það prentað á sínu eigin tungumáli.
4. Þessi ákvörðun tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Carlos GARCÍA DE CORTÁZAR Y NEBREA

EEA Supplement No 48, 19.11.1998, p. 12-149

To see the forms accompanying Decision No 158 of 27 November 1995, use the link below to the complete edition of the EEA Supplement No 48/1998.

<http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/1998-is/su-nr-48-is-19-11-1998.pdf>